

aður fyrir yfirdómi falli niður. Það vottast, að því leyti málið hefir verið gjafsóknarmál í héraði, að meðferð þess þar hefir verið lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Framantalin meiðandi ummæli um stefnda, héraðslækni Guðmund Björnsson, eiga að vera ómerk. Áfryjandi W. Ó. Breiðfjörð kaupmaður greiði 20 króna sekt í landssjóð, en sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma. Akvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað skulu standa óröskuð og málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. októbermánaðar.

Nr. 39/1901.

Réttvísinn  
gegn

Jóni Guðmundssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað í héraði gegn ákærða Jóni Guðmundssyni fyrir brot gegn 167. og 175. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 og dæmt í aukarétti Norður-Múlasýslu 19. júní síðastl. með þeim úrslitum, að ákærði skyldi fyrir brot gegn 175. gr. hegningarlaganna sæta fangelsi við vatn

og brauð í 3 × 5 daga og greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun til talsmanns síns í héraði, Árna bæjargjaldkera Jóhannssonar, 5 kr. Þessum dómi er að beiðni hins ákærða áfrýjað til landsyfirréttarins.

Það er sannað í málinu með eigin játningu ákærða, sem styðst við það, sem á annan hátt er framkomið, að hann, sem var vinnumaður Jóns Benediktssonar á Ölfu í Seyðisfjarðarhreppi vistarárið 1899—1900, hafi fleirsinnis á útmánudum veturinn 1900 átt holdlegt samræði við dóttur nefnds húsbónda síns, Ingibjörgu Jónsdóttur, sem þá var aðeins á 15. ári, fædd 2. desbr. 1885, og ól hún barn 14. desbr. 1900, sem ákærði hefir kannast við faderni að. Móðir stúlkunnar — en stúlkan er óskilgetin — hefir krafist þess, að mál yrði höfðað gegn ákærða, nema því að eins að ákærði gengi að eiga stúlkuna, ef hún væri því samþykkt, en stúlkan hefir lýst því yfir, að hún ekki vildi giftast ákærða. Faðir stúlkunnar lét ákærða kenna Ingibjörgu veturinn 1899—1900, og hefir því þótt álitamál, hvort ákærði hafi ekki gerst brotlegur gegn 167. gr. hegningarlaganna. Héraðsdómariinn hefir þó eigi álitnið að svo væri, þar sem ákærði var vinnumaður hjá föður stúlkunnar og kenslan eitt af störfum hans sem slíks, enda hafi farið fram í húsi föður stúlkunnar, og á þessa skoðun felst yfirdómurinn. Hins vegar kemst ákærði, sem er fæddur 3. október 1875 og ekki áður hefir verið hegnt fyrir neitt afbrot, ekki hjá að sæta hegningu eftir 175. gr. hegningarlaganna, þar sem hann

samkvæmt eigin játningu hefir haft upptökin til samfara hans og stúlkunnar, og virðist mega — með tilliti til þess, að stúlkann var, eftir því sem upplýst er, nálega fullþroskuð og ákærði þurfti eigi að beita neinum eiginlegum fortölum við hana til þess að fá vilja sinn með henni — ákveða hegninguna 2 mánaða einfalt fangelsi. Um málskostnað á héraðsdómurinn að vera óraskaður. Ákærða ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmet.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Guðmundsson á að sæta 2 mánaða einföldu fangelsi. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.